**Til sambandsaðila ÍSÍ**

**Reykjavík, 16. febrúar 2025**

**Efni: 77. Íþróttaþing ÍSÍ – fyrra fundarboð**

**Ágætu sambandsaðilar,**

Í samræmi við 11. grein laga ÍSÍ, er hér með boðað til 77. Íþróttaþings ÍSÍ dagana 16.-17. maí nk., á Berjaya Reykjavík Natura hótel (áður Hótel Loftleiðir), Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík.

Tillögur sem óskast teknar fyrir á Íþróttaþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjórn ÍSÍ fjórum vikum fyrir þing, **þ.e. föstudaginn 18. apríl. nk.**

Á þinginu verður kosið til forseta og sjö meðstjórnenda.
Tilkynningar um framboð til forseta- og stjórnarkjörs skulu berast kjörnefnd Íþróttaþings eigi síðar en þremur vikum fyrir Íþróttaþing, **þ.e. 25. apríl nk.**

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir Íþróttaþing ÍSÍ, **þ.e. 2. maí nk.,** skal ÍSÍ senda aðilum dagskrá þingsins, reikninga, fjárhagsáætlun og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem ÍSÍ hyggst leggja fyrir þingið.

Með þessu fyrra fundarboði fylgir listi yfir fjölda þingfulltrúa sambandsaðila ÍSÍ. Vakin er athygli á því að á 76. Íþróttaþingi ÍSÍ árið 2023 var gerð breyting á lögum ÍSÍ er varðar fjölda þingfulltrúa.

**Með kveðju,**
**ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lárus L. Blöndal
forseti

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri